



Dagsetning 9. desember 2024
Málsnúmer MRN24110071

Salvör Nordal
umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Viðbrögð við erindi umboðsmanns barna um meðferðarúrræði.

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 12. nóvember sl., til mennta- og barnamálaráðherra sem ber yfirskriftina meðferðarúrræði.

Í erindinu lýsir umboðsmaður barna yfir þungum áhyggjum af málefnum barna með fjölþættan vanda og vísar því til stuðnings til úrræðaleysis og neyðarástands í málflokknum. Með erindinu óskar umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um það með hvaða hætti mennta- og barnamálaráðuneyti hyggst bregðast við áskorunum í málaflokknum. Þá óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um framtíðarsýn ráðuneytisins varðandi meðferðarkerfið á Íslandi og hvernig skipulag og uppbygging þess geti tryggt að hægt sé að bregðast við ófyrirsjáanlegum atvikum án þess að skerða eða afnema þjónustu við börn.

Mennta- og barnamálaráðuneyti tekur undir það sem fram kemur í erindinu og lýtur að því bæta þurfi fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda hér á landi og hefur ráðuneytið unnið að umbótum í málaflokknum um langa hríð. Jafnframt tekur ráðuneytið undir mikilvægi þess að öllum börnum sé tryggð sú þjónusta sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum, þar á meðal á grundvelli barnasáttmálans. Í þeim tilgangi að bæta fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda hefur mennta- og barnamálaráðuneyti beitt sér ötullega fyrir auknum fjárveitingum til meðferðarúrræða enda er ráðuneytið þeirrar skoðunar að ef meira fjármagni væri veitt inn í meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu væri hægt að veita þar betri þjónustu. Staðreyndin er hins vegar sú að einungis hluti þeirra beiðna hefur verið samþykktur en ráðuneytið fer ekki með fjárveitingarvaldið.

Áður en vikið verður að stefnumótun stjórnvalda í málaflokknum og framtíðaráformum þykir ráðuneytinu mikilvægt að koma á framfæri skýringum og leiðréttingum vegna nokkurra af þeim staðhæfingum sem settar eru fram í erindi umboðsmanns barna.

Af hálfu ráðuneytisins er lögð áhersla á að almennt er sú þjónusta sem nú er veitt á meðferðarheimilum Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við skyldur ríkisins samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og öðrum lögum. Ráðuneytið getur því ekki tekið undir með umboðsmanni barna að meðferðarþjónusta Barna- og fjölskyldustofu sé ekki fullnægjandi og aðgengileg. Þá tekur ráðuneytið ekki undir að þau meðferðarúrræði sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga standi ekki undir hlutverki sínu og að meðferðarkerfið sé ófært um að sinna þeirri þjónustubörf sem því er ætlað að sinna. Að mati ráðuneytisins er óskýrt af erindinu hvað er átt við með að réttur viðkvæms hóps barna sé ekki virtur að fullu samkvæmt barnasáttmálanum en óski umboðsmaður eftir viðbrögðum hvað þann þátt erindisins varðar er óskað nánari skýringa frá umboðsmanni þar um.

Þá telur ráðuneytið mikilvægt að koma á framfæri að Barna- og fjölskyldustofa hefur ekki tekið ákvörðun um að fækka meðferðarúrræðum fyrir börn líkt og ráða má af erindinu. Stofnunin hefur aftur á móti neyðst til þess að loka tímabundið húsnæði meðferðarheimila vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Loka þurfti meðferðarheimilinu Lækjarbakka þar sem húsnæði meðferðarheimilisins var metið heilsuspillandi fyrir börn og starfsmenn vegna myglu auk þess sem skert þjónusta hefur verið á meðferðarheimilinu Stuðlum vegna eldsvoða sem átti sér stað þar í október sl. Jafnframt leiðréttist sú fullyrðing að ekki sé til staðar meðferðarheimili fyrir drengi á Íslandi. Meðferðarheimilið Stuðlar hefur boðið upp á langtímameðferð fyrir drengi en fimm drengir eru nú þar í langtímameðferð. Varðandi sumarlokun á meðferðardeild Stuðla er vísað til svars ráðuneytisins til umboðsmanns barna, dags. 28. maí sl., en rétt er að upplýsa umboðsmann barna um að ekki varð af lokun meðferðarheimilisins, eins og til stóð, og voru börn í vistun á meðferðarheimilinu Stuðlum í allt sumar.

Barna- og fjölskyldustofa og ráðuneytið hafa brugðist við auknu álagi í málaflokknum með ýmsum hætti, t.a.m. með fjölgun meðferðarplássna á meðferðarheimilinu Bjargey úr fjórum í sex, og styrkingu MST-meðferðar á vegum Barna- og fjölskyldustofu fyrir börn með hegðunar- og fíknivanda. Þá hefur allt kapp verið lagt á að finna hentugt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka og mun Lækjarbakki hefja starfsemi í Miðgarði í Gunnarsholti á Rangárvöllum að loknum nauðsynlegum framkvæmdum sem verður langtímameðferðarúrræði fyrir drengi. Jafnframt mun meðferðarheimilið Blönduhlíð, í Farsældartúni í Mosfellsbæ, hefja starfsemi í þessum mánuði.

Vegna erindisins vill ráðuneytið jafnframt að fram komi að vistunarúrræði Barna- og fjölskyldustofu samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga eru ekki eingöngu fyrir börn með fjölþættan vanda. Þá geta börn með fjölþættan vanda átt rétt á þjónustu á grundvelli mismunandi lagabálka svo sem laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og laga sem gilda um heilbrigðisþjónustu. Ábyrgð á þjónustu við þennan hóp barna hvílir á grundvelli þeirra annars vegar á sveitarfélögum og hins vegar á ríki, þar sem ábyrgðin skiptist milli málefna sviða mennta- og barnamálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Undanfarin ár hefur töluverð undirbúningsvinna átt sér stað við að skipuleggja hvernig haga skuli þjónustu við þennan hóp barna. Í ágúst árið 2023 skilaði stýrihópur mennta- og barnamálaráðherra um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda skýrslu með tillögum að útfærslu. Hópurinn samanstóð af fulltrúum frá mennta- og barnamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofu. Þann 11. september sl. skilaði annar starfshópur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks skýrslu til félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem fram kemur með skýrum hætti sameiginleg tillaga sex ráðuneyta og fulltrúa sveitarfélaga að ríkið taki alfarið ábyrgð á þjónustu við þyngsta hóp barna með fjölþættan vanda og að horft verði til tillagnanna sem fram komu í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá því í ágúst 2023.

Varðandi framtíðarsýn ráðuneytisins á meðferðarkerfið á Íslandi leggur ráðuneytið áherslu á að vistun barna utan heimilis á meðferðarheimilum Barna- og fjölskyldustofu er eitt af mörgum úrræðum sem ríki og sveitarfélög starfrækja fyrir börn sem þurfa barnaverndarþjónustu. Ráðuneytið vinnur eftir þeim grundvallarforsendum barnaverndarlaga að ekki komi til vistunar utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga nema önnur úrræði, sem fela í sér minni inngríp í líf barna og fjölskyldna, hafi verið fullreynd. Þá vinnur ráðuneytið eftir þingsályktun nr. 4/154 um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027 sem samþykkt var á Alþingi árið 2023 og þeirri framtíðarsýn sem þar er sett fram. Þar er m.a. fjallað um uppbyggingu meðferðarúrræða utan

meðferðarheimila, meðferðarfóstur og húsnæðis fyrir þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þess kemur þar fram að unnið verði að gerð og útgáfu gæðaviðmiða fyrir barnaverndarþjónustu til að auka gæði og þjónustu barnaverndar. Það verður svo verkefni nýs ráðherra barnaverndar og nýrrar ríkisstjórnar að móta áfram stefnu í málaflokkunum. Í því sambandi er m.a. bent á að taka þarf afstöðu til tillagnanna sem settar eru fram í áðurnefndri skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Vegna spurningar umboðsmanns barna tekur ráðuneytið að lokum fram að ráðuneytið telur ekki unnt að skipuleggja meðferðarkerfi sem tryggir í öllum aðstæðum að hægt sé að bregðast við ófyrirsjáanlegum atvikum án þess að börn verði fyrir raski. Aftur á móti er unnið að því bæði í áætlunum og viðbrögðum þegar slík atvik koma upp að lágmarka áhrif þeirra.

Eins og fjallað hefur verið um telur ráðuneytið ekki unnt að lýsa afstöðu sinni til alls þess sem kemur fram í erindi umboðsmanns barna. Mennta- og barnamálaráðuneytið er alltaf tilbúið að eiga fund með fulltrúum umboðsmanns barna og Barna- og fjölskyldustofu til þess að ræða meðferðarkerfið á Íslandi og þau atriði sem umboðsmaður barna hefur áhyggjur af sem og tillögur umboðsmanns barna að úrbótum.

F.h. ráðherra

Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra

Anna Tryggvadóttir